



FRÉTTATILKYNNING
FRÁ
SKRIFSTOFU FORSETA ÍSLANDS

SAMRÁÐSÞING UM LOFTSLAGSBREYTINGAR

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson hefur þegið boð um að vera á næstu þremur árum þátttakandi í Samráðsþingi um loftslagsbreytingar sem Jeffrey Sachs, sérstakur fulltrúi Kofi Annan framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, hefur skipulagt. Þátttakendur í samráðsþinginu eru vísindamenn, forystumenn í alþjóðamálum og stjórnendur fjölmargra stórfyrirtækja, einkum í Evrópu og Bandaríkjunum.

Fyrsti fundur Samráðsþingsins er í New York í dag. Þar heldur forseti Íslands ræðu sem einkum fjallar um loftslagsbreytingar á Norðurslóðum og þá lærdóma sem draga má af þeim. Ræðuna má nálgast á heimsíðu forsetaembættisins.

Markmiðið með Samráðsþingi um loftslagsbreytingar er að reyna að ná samstöðu meðal forystumanna í viðskiptalífi, vísindum og á alþjóðavettvangi um mat á yfirvofandi hættu á loftslagsbreytingum og hvaða aðgerðir séu vænlegastar til hamla gegn þeim.

Stjórnendur rúmlega 50 stórfyrirtækja taka þátt í þinginu og eru þeirra á meðal yfirmenn frá General Electric, Shell, BP, Norsk Hydro, Toyota og Coke Cola.

Ýmsir fremstu vísindamenn á þessu sviði, m.a. frá Harvard háskólanum og Columbia háskólanum, munu taka þátt í störfum samráðsþingsins á komandi árum. Í dag er meðal frummælenda Wally Broecker, einn helsti sérfræðingur heims í rannsóknum á hafstraumum og hafstraumabeltinu sem liggur umhverfis Ísland.

Samráðsþingið mun halda reglulega fundi á næstu þremur árum og ýmsir hópar sérfræðinga og ráðgjafa vinna með þinginu á þeim tíma.

11. maí 2005

